

Af hverju plast?

Er plast ekki slæmt?

Þegar við hofum á fréttir í dag er ekki ólíklegt að ein fréttin fjalli um plast og plastmengun. Fólk er orðið hrætt við notkun plastics eins og það heldur að plastið eitt og sér sé að valda öllum umhverfisvandamálum heims, eins og plast sé eitthvert illmenni staðráðið í að tortíma jörðinni. Það eru kannski ekki allir á þeirri skoðun en samt sem áður virðist almenningur vera sammála um að plast hefur heilt yfir neikvæð áhrif á líf okkar. Plast er alls staðar í okkar daglega lífi af góðri ástæðu og nútímasamfélag heimsins væri ekki til staðar ef ekki væri fyrir plast.

Stórkostleg uppfinning

Fyrsta plastefnið var uppgötvað árið 1869 af John Hyatt og var það í fyrsta skipti þar sem maðurinn bjó til efni sem var ekki úr náttúrulegu efni.




Efnið sem Hyatt fann upp var samt ekkert eins og plastið sem við þekkjum í dag.

Framleiðsla á plasti var ekki mikil í byrjun en á meðan seinni heimstyrjöldin stóð yfir

ókst plastframleiðsla í Bandaríkjunum þrefalt. Plastið fyllti fólk af von um framtíð þar sem þetta töfraefni er alls staðar. Það er engin furða að plastið varð svona algengt. Plast er létt, sterkt, einangrandi, ódýrt að framleiða og hægt er að móta það á alls konar vegu. Plast hefur líka hjálpað framförum í læknavísindum og þar með bjargað ótal lífum.

Neikvæðu áhrifin

Núna þegar við lifum á tímum sem fólk þráði fyrir 60 árum sjáum við að plast er ekkert töfraefni, plast hefur þóknað okkur mannvörum í fjöldamörgum árum, en kostnaður þessarar notkunar er ekki enginn.



Eins og við vitum flest eftir alla umfjöllunina hefur plast neikvæð áhrif á umhverfið. Til þess að framleiða plast þarf mikla olíu. Talið er að um 4% af allri olíu er notuð til þess eins að búa til plast.

Þessi olíunotkun hefur í för með sér mikla mengun. Plasmengun hefur samt mögulega mestu áhrifin í sjón-

um. Mörg tonn af plasti renna til sjávar þar sem sólarljós og straumar brjóta plastið niður í míkroplast. Míkroplast er gífurlega hættulegt því að nær ómögulegt er að hreinsa það úr sjónum og sjávardýr gleypa það og geta fengið hættulega sjúkdóma, eða dáíð.

Hvað er hægt að gera

Verkefnið að minnka plastnotkun er ekki nýkomið á döfina en framfarir hafa verið hægar.

Notkun á plasti hefur farið stöðugt upp á við og framleiðslan að auki. Áður en við getum



minnkað framleiðslu þurfum við fyrst að hægja á henni. Þá kemur að spurningunni sem brennur á allra vörum: „Hvað er hægt að gera?“ Svárið er kannski einfaldara en við gerum okkur grein fyrir. Minnka plastnotkun sem allra mest! Með því að minnka plastnotkun, sérstaklega á einnota plasti, erum við ekki einungis að minnka plastúrgang, heldur hætum við að styðja við plastframleiðslu. Því miður er ólíklegt að plastnotkun minnki þannig að alvöru framfarir geta átt sér stað en það var líka ólíklegt að senda mann til tunglsins.